

Nr. 165 / 13 Gullhólmi SH 201**Ásigling á ísjaka**

Skipask. nr. 0264 IMO.nr. 6410221
Smíðaður: Noregi 1964, stál
Stærð: 331,1 brl. 471,2 bt.
Mesta lengd: 49 m Skráð lengd: 44,4 m
Breidd: 7,5 m Dýpt: 6,26 m
Vél: Caterpillar 1038 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 14



Gullhólmi©Hilmar Snorrason


Málið afgreitt á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. nóvember 2013 var Gullhólmi SH 201 á línuveiðum um 20 til 30 sml norður af Hornbjargi. Veður: SV 5-7 m/s og ládautt.

Síðasta lögn túrsins var lögð um kvöldið en um nóttina rak hafís yfir veiðislóðina. Skömmu eftir að skipverjar hófu dráttinn kom högg á stefnið sem var meira en önnur sem höfðu komið á skipið á andófinu. Þegar leið á morgunvaktina urðu menn varir við að ferskvatnið var orðið salt og eftir athugun á stefni sást að nokkur dæld var á því inn í stafnhylki.



Skipinu var siglt til Stykkishólms þar sem gert var við það (*sjá mynd*).

Við rannsókn kom fram:

- að skipið hafði verið að nuddast utan í klaka nokkrum sinnum á andófinu;
- að við skoðun á skemmdum eftir að komið var í höfn kom í ljós að 40 til 50 sm rifa var inn í stafnhylkið;
- að skipið var smíðað eftir reglum Det Norske Veritas + 1A1 IS C HAVFISKE.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.